

Ed.

123. Nefndarátt

um tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til þess að veita styrk til að kaupa björgunarbát.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað tillögu þessa og þau gögn, sem hægt var að fá, og vill mæla með því, að hún nái fram að ganga á þessu þingi. Meiri hluti nefndarinnar lætur það í ljósi, að hann sje óánægður yfir því, að málið var ekki betur undirbúið fyrir þingið en það er, einkum þar sem um svo mikla upphæð er að ræða. En hann vill þó ekki standa á móti því, að tilraun sú, er hjer ræðir um til bjargráða, sje reynd, einkum þar sem þetta mál virðist vera orðið mjög mikið áhugamál margra, og í sjálfu sjer er hið mesta nauðsynjamál.

Frekari grein verður gerð fyrir máli þessu í framsögunni.

Að svo mæltu vill nefndin leggja til, að háttvirt deild samþykki tillöguna óbreytta.

Alþingi, 25. febr. 1920.

Björn Kristjánsson,
formaður.

Sigurður H. Kvaran.

Karl Einarsson,
ritari.

Mál þetta hefir verið lagt fyrir fjárveitinganefnd Ed. og hún fallist á tillöguna eftir atvikum.

Alþingi, 25. febrúar 1920.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Sigurður H. Kvaran.